

## **132. FUNDUR FRÆÐSLUNEFNDAR , HALDINN MIÐVIKUDAGINN 27. ÁGÚST 2014 Á KIRKJUBÆJARSTOFU.**

Mætt eru:

Auðbjörg Bjarnadóttir formaður

Eyrún Elvarsdóttir

Sverrir Gíslason

Ragnheiður Hlín Símonardóttir

Sigurður Sverrisson í stað Arndísar Harðardóttur sem boðaði forföll

*Fræðslunefnd kl. 12:30-13:15*

### **1. Kosning ritara:**

Eyrún Elvarsdóttir býður sig fram í stöðu ritara. Samþykkt samhljóma. Ragnheiði Hlín fyrrum ritara falið að rita fundargerð dagsins.

### **2. Erindisbréf fræðslunefndar – endurskoðun:**

Rætt um erindisbréf fræðslunefndar sem nú er í gildi. Nefndarmenn telja rétt að gera smávægilegar breytingar á erindisbréfinu. Auðbjörgu formanni falið að koma breytingunum til sveitarstjóra.

### **3. Fundartímar í vetur**

Umræða um fundartíma í vetur. Formanni falið að finna hentugan tíma í samráði við skólastjórnendur, fulltrúa og fræðslunefnd og senda út drög að fundartímum vetrarins.

### **4. Drög að starfsmannastefnu fyrir Skaftárhrepp:**

Auðbjörg formaður kynnir drög að starfsmannastefnunni fyrir nefndarmönnum. Umræða og skoðanaskipti. Fræðslunefnd fagnar því að komin séu drög að starfsmannastefnu og felur formanni að koma athugasemdum fræðslunefndar á framfæri.

### **5. Staða á vinnu við skólastefnu fyrir Skaftárhrepp**

Almenn umræða.

#### **1. Málefni Heilsuleikskólans Kærabæjar kl. 13:15-13:45**

Mætt er: Þórunn Júlíusdóttir leikskólastjóri. Sem stendur er ekki starfandi fulltrúi foreldra leikskólabarna en kosning fer fram í september.

## 1. Leikskólastjóri kynnir málefni Heilsuleikskólans:

Þórunn greinir frá starfsmannamálum, áætluðum fjölda barna í leikskólanum í vetur og viðhaldi á leikskólalóðinni.

## 2. Innsend bréf:

Bréf frá Svövu Helgadóttur leikskólaráðgjafa og Eddu Antonsdóttur deildarstjóra, frá Skólalþjónustu Rangárvalla- og v- Skaftafellssýslu. dags. 12. Júní 2014. Efni: Rökstuðningur með ósk um fasta yfirvinnutíma stjórnenda í leikskólum vegna reglubundinna fagfunda á vegum Skólalþjónustunnar. *Leikskólastjóri óskar eftir að tekið verði tillit til þessa í gerð næstu fjárhagsáætlunar fyrir Heilsuleikskólann. Um er að ræða 1-2 fasta yfirvinnutíma mánaðarlega fyrir leikskóla- og deildarstjóra.*

## II. Málefni Kirkjubæjarskóla á Síðu kl. 13:55- 14:40

Mætt eru: Kjartan Kjartansson skólastjóri og Karítas Kristjánsdóttir fulltrúi kennara. Ekki er búið að tilefna fulltrúa foreldra.

### 1. Skólastjóri kynnir málefni grunnskólans:

Skólastjóri greinir frá starfsmannamálum, nemendafjölda í vetur og skipulögðu starfi vetrarins. Formaður beinir fyrirspurn til skólastjóra hvort að nemendur með lögheimili utan sveitarfélagsins séu við skólann og þá hvort greitt sé með þeim nemendum. Skólastjóri vísar svari til sveitarstjóra.

### 2. Niðurstöður Ytra mats grunnskólans:

Kjartan skólastjóri kynnir helstu niðurstöðu skýrslu Ytra mats grunnskólans sem er samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis og sambands íslenskra sveitarfélaga. Mun niðurstaða skýrslunnar vera notuð til athugunar og úrbóta á því sem betur má fara í skólastarfinu og þeir þættir þar sem skólinn kemur sterkur út notaðir til að gera góðan skóla enn betri.

### 3. Önnur mál:

Rætt um stöðu við vinnu á skólastefnu Skaftárhrepps. Lögð áhersla á að vinnunni ljúki í vetur.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 15:15

A. Svövu Helgadóttur  
Ragnheiður Anna Þimónasdóttir  
Sveinn Einarsson  
Kjartan Kjartansson

Egundur Einarsson